

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8.júní 2016
UST201603-226/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027.

Greinargerð

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu um að ný íbúðarhús í dreifbýli verði í tengslum við þær bæjartorfur sem fyrir eru á svæðinu. Einnig verði tekið mið af þeim mannvirkjum sem fyrir eru eins og kostur er þannig að breytingar á ásýnd bæja verði sem minnst. Einnig tekur Umhverfisstofnun undir þá stefnu að ný frístundabyggðarhverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi frístundabyggðir.

Skógrækt

Umhverfisstofnun tekur undir markmið og leiðir um skógrækt nema áætlanir um stækkun Hagavatns og virkjanaframkvæmdir því tengdum. Að mati Umhverfisstofnunar munu slíkar áætlanir kalla á framkvæmdir á annars ósnortnum svæðum, sjá umfjöllun um umhverfisskýrslu. Umhverfisstofnun telur vafasamt að tjón af völdum sandfoks við Hagavatn sé af þeirri stærðargráðu að slíkt réttlæti gerð stíflu og veitumannvirkja við Hagavatn. Umhverfisstofnun vill benda á að Hagavatnsvirkjun er til umfjöllunar hjá Rammaáætlun og ekki hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Því telur Umhverfisstofnun að ekki eigi að setja mannvirki við Hagavatn á aðalskipulag sem að hluta eða öllu leyti eru hluti fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda á þessu svæði.

Hverfisvernd

Að mati Umhverfisstofnunar eru ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar til fyrirmyndar.

Umhverfisskýrsla

Helstu viðmið

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að 5.3.2.14. gr. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, skipulag við vötn, ár og sjó, sé sem viðmið en þar kemur fram: „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Samgöngur

Í umhverfisskýrslu í kaflanum samanburður valkosta kemur eftirfarandi fram: „Helstu hálandisvegir verða byggðir upp, lagðir bundnu slitlagi og ár brúaðar. Breytingar verða á Kjalvegi á Bláfellshálsi og suðurhluti Kaldadalsveggar verður færður vestur fyrir Hvannagjá.“

Umhverfisstofnun bendir á að skoða þurfi vegagerð á hálendinu í samhengi og samræma þarf stefnu sveitarfélaga varðandi hana. Með því að setja stefnu um að setja bundið slitlag á vegi innan eins sveitarfélags er verið að opna svæði á hálendinu sem eru illa undir umferð búin að vori og hausti þegar mikil bleyta er í jörðu. Jafnhliða því að farið er í vegagerð er gjörbreytir aðkomu að hálendinu, þarf að mati stofnunarinnar að fara fram uppbygging á öðrum innviðum viðkomandi svæða. Á hálendinu er ófullkomið vegakerfi og vantar allar grunnstoðir. Að mati Umhverfisstofnunar er verið að marka stefnu sem er ótímabær, ef slík stefna er sett einhliða í tillögu að aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Að mati Umhverfisstofnunar þarf einnig að fara fram umræða um framkvæmdir á hálendi Íslands í samhengi við viðhald víðerna á hálendinu.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti núll kostur að vera óbreyttir vegir þ.e. óbreytt ástand þegar fjallað er um samanburð valkosta varðandi endurbætur á hálendisvegum. Varðandi töflu um samanburð valkosta um endurbætur á hálendisvegum þá bendir stofnunin á ofangreint þ.e. að skoða þarf vegagerð á hálendinu í einni heild, en ekki að hvert sveitarfélag fyrir sig móti stefnu.

Færsla Biskupstungnabrautar

Í tillögu að aðalskipulagi Bláskógabyggðar er fjallað um valkosti varðandi nýjan veg í grennd við Geysissvæðið. Að mati Umhverfisstofnunar fer vegstæði A að mestu um raskað svæði austan Geysis. Vestan Geysis er farið yfir svæði á náttúruminjaskrá eins og kostir B og C gera. Umhverfisstofnun bendir á að leið A skerðir gróið land og landbúnaðarland í minna mæli en aðrar tillögur, enda fær leið A flestar grænar niðurstöður í töflu yfir samanburði kosta á færslu Biskupstungnabrautar.

Efnistökusvæði

Í samanburði kosta um efnistökusvæði þar sem bornir eru saman kostirnir að gera ráð fyrir 10 nýjum efnistökusvæðum eða að opna ekki ný efnistökusvæði, kemur eftirfarandi fram: „*Hagkvæmara að stutt sé frá efnistökuastað að framkvæmdasvæði og styttri verkími. Með því að gera ráð fyrir mörgum efnistökusvæðum er hægt að nýta þau sem best henta hverju sinni og lágmarka akstur frá efnistökusvæði að notkunarstað.*“

Umhverfisstofnun telur að þótt betra geti verið að taka efni sem næst framkvæmdastað eins og fram kemur í umfjöllun um efnistökusvæði, þá geta verið neikvæð samlegðaráhrif ef efnistökuastaðir standa þétt.

Varðandi fjölgun efnistökuastaða þá bendir Umhverfisstofnun á að í *Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – Stefnumörkun til 2020*, er eitt af markmiðunum að fækka námum og að ganga frá opnum námum.

Umhverfisstofnun bendir á að ástæðulaust er að setja námur á aðalskipulagsuppdrátt fyrr en Vegagerðin er búin að kanna námuna/námusvæðið með tilliti til efnismagns og gæða. Einnig bendir stofnunin á að ekki er ástæða til að sýna efnistökusvæði á skipulagsáætlun nema að til standi að nýta svæðið á skipulagstímabilinu.

Virkjanir

Í umfjöllun um virkjanir kemur fram að áhugi er hjá íbúum Bláskógabyggðar á byggingu lítilla vatnsaflsvirkjana. Í töflu er samanburður valkosta, annars vegar þess að ekki sé gert ráð fyrir litlum vatnsaflsvirkjunum og hins vegar að gert er ráð fyrir þeim. Umhverfisstofnun bendir á að auk röskunar á landi við byggingu virkjana þá er yfirleitt þörf fyrir vegagerð vegna framkvæmdanna. Umhverfisstofnun tekur undir þá niðurstöðu að í einhverjum tilfellum gæti fyrirhuguð staðsetning lítilla virkjana haft veruleg áhrif á náttúru eða minjar og þarf að skoða það í hverju tilfelli fyrir sig.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að sýna aðgát þegar smávirkjanir eru annars vegar þar sem umhverfisáhrif geta orðið mikil miðað við ávinning. Einnig má benda á að með slíkum smávirkjunum er oft verið að teygja sig inn á svæði sem að öðru leyti eru laus við mannvirki og þannig skapast neikvæð sjónræn áhrif.

Varðandi vindrafstöðvar þá telur stofnunin mikilvægt að skoða vel staðsetningar vindmylla þannig að þær dreifist ekki of víða um sveitarfélagið heldur verði fundinn hentugur staður þar sem hægt er að staðsetja einhvern fjölda án þess að neikvæð sjónræn áhrif og hávaðamengun verði umtalsverð.

Brúarvirkjun

Umhverfisáhrif Brúarvirkjunar hafa verið metin og niðurstaða Umhverfisstofnunar var að umhverfisáhrif virkjunarinnar yrðu ekki umtalsverð.

„Endurheimt“ Hagavatns og Hagavatnsvirkjun

Fram kemur að áætlað er að „endurheimta“ Hagavatn og virkja útfall þess, í nafni uppgræðslu. Umhverfisstofnun bendir á að við það að áætla stíflu og önnur virkjunarmannvirki er verið að fara inná ný svæði með framkvæmdir sem í dag er ósnortið af stórframkvæmdum. Umhverfisstofnun telur þegar að umfangsmikilli mannvirkjagerð kemur eins og virkjunum eigi umfjöllun að vera hreinskilin og gegnsæ.

Umhverfisstofnun telur þemakort er fram koma í tillögunni til fyrirmyndar.

Beðist er velvirðingar á því hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur